Félagslíf og skólabragur: Finnst 1. og 4. árið standa upp úr en gott að félagslífið nær til allra og yngri bekkjar hafa fengið meira sjálfstraust. Aukin þátttaka á ýmsum sviðum, mjög jákvætt, félagslífið er ekki að deyja út. Nemendur vilja standa vörð um hefðir og eru t.d. ósáttir við nýtt merki skólans og breytingar á Ratatoski. Þótt félagslíf sé gott og samstaða mikil bera þeir nokkurn ugg í brjósti vegna þess hve margir hanga í snjallsímunum og þeir vorkenna kennurunum að þurfa að kljást við þetta. Um heimavistina eru þeir nemendur sem reynslu hafa sammála um að hún sé ákaflega góð, starfsfólk umhyggjusamt, allt snyrtilegt, góður matur í hádeginu en síðri á kvöldin. Hins vegar hentar þetta líf ekki eins vel eftir 18 ára þegar nemendur vilja meira frjálrsæði.

Annað: Nemendur völdu skólann vegna bekkjarkerfisins, félagslífsins, skemmtilegra skólakynninga, heimavistar, útskriftarferðar og væntinga til þess að eignast vini. Nemendur voru allir sammála um að skólinn hefði staðið undir væntingum og erfitt yrði að kveðja hann. Þeir hefðu heyrt alla gamla nemendur tala vel um skólann og hlökkudu til að júbílera.

Félagsfræðibraut

Námið: Nemendum var tíðrætt um mismunandi vinnuálag eftir bekkjum þar sem annar bekkur var langerfiðastur og svo mikið að gera að 4. bekkur er brandari í samanburði eins og nemandi sem hafði verið á náttúrfræðibraut gat vitnað um. Aðrir tóku í svipaðan streng, grunnur lagður í fyrsta bekk en síðan mikið af nýju efni í öðrum bekk og utanbókarlærdómur. Þeir töldu að dreifa hefði mátt álagi og áföngum betur og ekki væri mikil stigmögnun í erfiðleikum. Valið mæltist vel fyrir en sumum fannst að það hefði mátt byrja fyrr og dreifast meira, bekkurinn væri svo lítið saman á síðasta ári vegna vals. Í heild stendur félagfræðibrautin undir væntingum og gaman að læra fögin, sérstaklega á efri stigum.

Kennsluhættir og námsmat: Mest ánægja er með fjölbreytta kennsluhætti og ekki of viðamikil lokapróf. Þá þurfa verkefni að vera fjölbreytt og mátulega stór, of stór verkefni eða endalaus smáverkefni ekki góð og stór lokapróf skila litlu. Nemendur segjast hafa fengið góða leiðsögn og þjálfun í ritgerðarvinnu, sennilega betri en á öðrum brautum, en talsvert ósamræmi sé milli kennara í kröfum og mati. Í heild var ánægja með kennara en sumir mættu leggja meira á sig til að ná til nemenda, það er þreytt að glósa bara á töflu og segja sömu brandarana. Flestir kennarar eru sanngjarnir og tala við nemendur eins og manneskjur. Sumir vilja halda fjarlægð og það er í lagi ef þeir eru sanngjarnir og sjálfum sér samkvæmir. Þá sögðu nemendur ömurlegt þegar kennarar vita ekki hvað nemendur heita og sumir svara varla tölvupósti og skila verkefnum seint.

Um hagnýtingu upplýsingatækni segja nemendur moodle sniðugt en kennarar setja stundum efni

stopult inn og nemendur gleyma að fylgjast með. Þyrfti að innræta nemendum að skoða alltaf póstin og moodle. Moodleverkefni fengu góða dóma. Tölvukerfið í heild fær hins vegar mismunandi dóma, einhverjir vilja skipta alveg um það, nemendur segja tæknina stundum klúðrast hjá kennurum og jafnvel fari hálfur tíminn í það að kalla fram glærur á skjávarpann. Það sé misjafnt hvernig kennarar nýta sér tæknina. Hópurinn ræddi talsvert um rökfræði og stærðfræði, vantar meiri rökhusun, tilgang með stærðfræði og einnig hagnýtari stærðfræði.

Samskipti: Undir þessum lið var rætt um kosti bekkjarkerfisins og það væri leiðinlegt þegar bekkjum væri skipt upp, sérstaklega ef nemendur vissu ekki af því fyrirfram. Einnig var útskriftarferðin nefnd sem góð leið til að kynnast öðrum í árganginum. Busavígslan fékk góða dóma og þeim fannst gott að fá athygli frá fjórðu bekkjum. Nemendur voru almennt sammála um samstöðu MA-inga. Um fartölvur og snjallsíma var dálítið spjallað í þessu sambandi, nemendum finnst þægilegt að vera í síma í tíma ef þeim leiðist, ef kennari malar bara við töflu þá fara flestir í símana. Nemendur eiga að bera ábyrgð á náminu og kennarar ekki að skipta sér af tölvunotkun þeirra en vissulega verði að ríkja gagnkvæm virðing.

Aðbúnaður og þjónusta: Nemendum finnst óþægilegt að tölvustofan sé hluti af M9, hafa jafnvel verið reknir út. Bókasafnið er fínt en talsverður hávaði stundum í nemendum í Íslandsáfangi. Kvosin ekki góður vinnustaður en oft hægt að finna lausar stofur og kostur hvað skólinn er opinn lengi og hvað mikið traust ríkir. Það mætti kaupa skóhorn og fleiri fjöltengi. Aðgangur að þjónustu er góður, oftast hægt að detta inn til stjórnenda.

Félagslífið: Nemendur segja félagslífið velja á þeim sjálfum, þakka þetta mikla traust og segja alla geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Skólinn eigi hins vegar ekki að skipta sér af félagslífi utan skóla. Þeir nefndu að félagslífið virtist fylgja nemendum áfram eftir skólann og höfðu kynnst því í gegnum fjölskyldur hvað júbílantahátíðir eru skemmtilegar.

Þeir sem höfðu reynslu af heimavistinni sögðu þroskandi að standa á eigin fótum en þar væri of mikil forræðishyggja og reglufargan, stundum komið fram við nemendur eins og þeir væru í gæslu en ekki leigjendur. Þá væri mikið virðingarleysi í röðinni í mat og MA-gildin ekki í hávegum höfð.

Annað: Væntingar nemenda þegar þeir völdu skólann snerust um bekkjarkerfið, bóknámið og félagslífið. Fundu jákvæða hvatningu en ekki þrýsting. Þegar upp er staðið telja þeir skólann hafa staðið undir væntingum. Góður bragur, eins og þetta sé 100 manna samfélag en ekki 800. Sumir nefndu að gera mætti meiri kröfur en hann hlúi bæði að sterkari og slakari nemendum. Þeir telja meira álag á náttúrufræðibraut og jafnvel óraunhæfar kröfur þar og þeir sem höfðu skipt um braut sjá ekki eftir því. Þeir sögðu skólann yfirleitt sveigjanlegan en mætingakerfið mætti vera sanngjarnara, fyrirhöfn og kostnaður í kringum vottorð.

Náttúrufræði- og eðlisfræðibraut

Námið: Hvað varðar röð áfanga þá nefndu nemendur að þeir hefðu kosið að fá eðlisfræði kennda fyrir og einnig að áfangar á fjórða ári væru þrjár einingar, tvær einingar væri of lítið miðað við efni og umfang. Einnig var tekið fram að betra væri að hafa línulega algebru í staðinn fyrir STÆ513 sem skyldufag á eðlisfræðibraut.

Þegar nemendur voru spurðir hvort raunverulegur erfiðleikamunur væri á námsárunum var

samdóma álit þeirra að mikið misvægi væri milli anna hvað þetta varðar, bæði á einingafjölda og erfiðleikastigi. Vorönn á öðru ári og þriðja árið þykja erfiðust og kallað er eftir meira jafnvægi milli anna. Hvað skörun milli áfanga varðar var nefnd skörun milli stærðfræði og eðlisfræði, og erfðafræði og stærðfræði. Kennarar nálgast viðfangsefnin mismunandi sem nemendum þótti eðlilegt. Enskuáfanginn 401 var nefndur sem dæmi um áfanga þar sem vinnuálagið væri allt of mikið fyrir eina einingu, og einnig var íslenskuáfanginn 403 nefndur þar sem áherslur í kennslu hefðu ekki verið í samræmi við lokaprófið.

Nemendur voru ánægðir með fjölbreytileika í vali en finnst hins vegar valáfangarnir dreifast misjafnlega milli anna, þ.e.a.s. mikið í boði eina önnina en lítið aðra. Áhugasvið nemenda spilar að sjálfsögðu þarna inn í sem þeir gera sér fulla grein fyrir. Þeir tóku sérstaklega fram að þeir væru hrifnir af nýja raungreinasviðinu eins og það blasir við þeim sem áhorfendum.

Kennsluhættir og námsmat: Þegar spurt var út í kennsluhætti nefndu nemendur að kennarar þykja margir hverjir gamlir og margir þykja eiga erfitt með að koma efni frá sér þrátt fyrir að kunna það vel. Kennsluhættir verða einsleitari á efri árunum þar sem dregur úr ritgerðasmíð og munnlegri framsetningu, hins vegar eykst skýrslugerð. Það skal þó tekið fram að ekki voru allir sem tóku í sama streng hvað þetta varðar. Hvað varðar verklega kennslu kom fram að ekki er talið vera samræmi í yfirferð í bók og framkvæmd tilrauna í efna- og eðlisfræði, sem þýðir að þegar tilraun er framkvæmd hafa nemendur ekki fræðilega grunninn.

Námsmat þykir mismunandi eftir kennurum og það var gagnrýnt að ekki sé samræmi hvað mikil vinna skuli liggja bakvið hvert prósent. Námsmatið er strangt í stærðfræði og eðlisfræði, sem nemendur kunna að meta. Huglægara í öðrum greinum sem þeir telja geta haft áhrif á einkunnagjöfina og fara að einhverju leyti eftir því hvort kennaranum líkar við nemenda eða ekki. Varðandi símat nefna nemendur að hætta sé á að ef hvert próf/verkefni gildi lítið að þá geti það haft þær afleiðingar að þeir nenni ekki að læra fyrir það. Þeir kvörtuðu sérstaklega yfir þessu í eðlisfræðinni en hrósuðu fyrirkomulaginu í stærðfræðinni.

Próf þykja yfir höfuð of löng og þá sérstaklega í þýsku. Þegar spurt var út í námsefni var ánægju lýst með efnafræði- og stærðfræðibækurnar. Hins vegar fær kennslubókin í eðlisfræði ekki eins góða dóma og allra síst kennslubókin í lífeðlisfræðinni.

Samskipti: Hvað samskipti kennara og nemendur varðar kom fram óánægja með að sumir kennarar gera lítið úr nemendum sem standa sig illa á prófum í staðinn fyrir að standa með nemendum og styrkja þá. Niðurbrot þjónar engum tilgangi og er til þess eins að brjóta nemendur enn frekar niður að þeirra dómi. Einnig þykja sumir kennarar of miklir fræðimenn með litla kennsluhæfileika og aðrir þykja ekki sinna vinnunni sinni nógu vel.

Mikil ánægja er með bekkjarkerfið en einnig gott uppbrot að fá að kynnast nýjum hópum í valáföngunum. Nemendurnir telja busun mjög mikilvæga til að styrkja tengsl busanna við eldri nemendur og sé ómissandi þáttur í skólalífínu. Einnig telja þeir útskriftarferðina mikilvægan hluta af skólagöngunni.

Aðbúnaður og þjónusta: Aðstaðan í skólanum þykir góð, opnunartími rúmur og netið hefur batnað. Hins vegar eru tölvurnar lélegar og pappírsgjaldið út í hött. Viðmælendur höfðu ekki nýtt sér aðstoð námsráðgjafa og telja hlutverk umsjónarkennara í 3ja og 4ja bekk ekki þjóna neinum tilgangi.

Félagslífið/Annað: Yfir höfuð eru þeir ánægðir með skólagönguna og skólabraginn, og telja félagslífið aðgengilegt. Aðgengi að skólastjórnendum er auðvelt en aftur á móti finnst nemendum oft lítið gert í málum sem kvartað er yfir þ.e.a.s. það er hlustað en ekkert gert í málunum. Flestir segja að skólinn hafi staðið undir væntingum í heild en ekki alveg allt starfsfólkið.

Samantekt

Námið: Mikil ánægja á málabraut, mest álag á öðru ári, stigmögnun milli ára í íslensku og þýsku, vilja skrifa meira – ritgerðir. Félagsfræðibraut stendur undir væntingum, annað ár langerfiðast, stigmögnun lítil en skemmtilegar greinar á eldri árunum.

Náttúrufræðibraut (báðar línur), eðlisfræði mætti koma fyrr, vorönn á öðru ári erfiðust og þriðja árið erfitt.

Kennsluhættir og námsmat: Málabraut, kennarar bera almennt hag nemenda fyrir brjósti. Nemendur vilja fleiri málfarsæfingar og telja að símat henti náminu frekar en erfið próf sem er svolítið um og samviskusamir nemendur jafnvel falla í. Gaman að læra þýsku í gegnum sögu. Félagsfræðibraut, flestir kennarar sanngjarnir. Nemendur ánægðir með fjölbreytta kennsluhætti og ekki viðamikil lokapróf. Vantar hagnýta stærðfræði. Moodle sniðugt en efni kemur stundum stopult inn. Tölvukerfi ekki nógu áreiðanlegt. Náttúrufræðibraut, sumir kennarar gamaldags og eiga erfitt með að koma efni frá sér. Kennsluhættir verða einsleitari á efri árunum. Verkleg kennsla og bókleg fylgjast ekki alltaf að. Próf eru löng. Ekki er samræmi á milli kennara hvað varðar vinnuframlag og vægi prófa. Ef tímapróf eða verkefni gilda lítið nenna nemendur síður að skila þeim.

Samskipti: Málabraut, ánægja með bekkjakerfið, kostir fleiri en gallar. Félagsfræðibraut, nemendur eiga að bera ábyrgð á náminu og kennarar eiga ekki að skipta sér af tölvunotkun þeirra.

Náttúrufræðibraut, mikil ánægja með bekkjakerfið. Sumir kennarar gera lítið úr nemendum sem standa sig illa á prófum.

Aðbúnaður og þjónusta: Málabraut, gott bókasafn en hávaði af stórum Íslandsáfangahópum. Tölvur og net ekki í góðu lagi. Allt húsnæði hreint og fínt. Félagsfræðibraut, óþægilegt að hafa M9 og tölvur saman, nemendur reknir stundum út. Kaupa skóhorn og fjöltengi. Náttúrufræðibraut, opnunartími skóla rúmur og net betra. Tölvur lélegar, pappírsgjald út í hött.

Félagslíf og skólabragur: Málabraut, fyrsta og fjórða árið standa upp úr. Vilja standa vörð um hefðir. Of margir hanga í snjallsímum. Félagsfræðibraut, þakka traust vegna félagslífsins. Skólinn á ekki að skipta sér að félagslífi utan skóla. Náttúrufræðibraut, félagslíf aðgengilegt, almenn ánægja með skólagöngu og skólabrag.

Annað: Málabraut, skólinn hefur staðið undir væntingum. Félagsfræðibraut, skólinn hlúir bæði að sterkari og slakari nemendum. Náttúrufræðibraut, skólinn hefur staðið undir væntingum en ekki allt starfsfólkið.

Hlýtt á starfsfólk

Á dagskrá vetrarins var ráðgert að hlýða á starfsfólk. Eftir að hafa farið í gegnum skýrslur fyrri ára var ljóst að nokkuð mikið hafði verið spurt um stjórnun undanfarin ár. Því var horft til þess að kanna hug starfsmanna til nýrrar námskrár og þá sérlega kennara. Þegar kom að framkvæmd varð hins vegar erfitt að koma efninu að á fundartímum vorannarinnar. Það varð úr að fresta verkefninu fram á næsta skólaár.

Kennarafundir

Það kemur ýmislegt ófyrirsjáanlegt upp í vetrarstarfinu sem bregðast þarf skjótt og hratt við. Þær úrbætur vilja oft verða ósýnilegar öðrum en þeim sem taka þátt í innra starfi skólans. Hlutverk kennarafunda er meðal annars að taka upp mál sem þarf að leysa hratt og örugglega. Svo eru önnur atriði sem eru fast gróin í skólastarfið og því ekki veitt sú athygli sem þau eiga skilið. Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir umræður og það starf sem unnið er við skólann og tengja má umbótum sem fékk rúm á kennarafundum vetrarins sem urðu alls átta:

- Vinnu við almenna hluta nýrrar námskrár er að mestu lokið.
- Óvænt frí frá kennslu er nokkuð mikið. Það þýðir að skólatíminn er að hluta nýttur sem félagsmálatími nemenda eða undir menningarviðburði og heimsóknir. Þar sem ákveðnir tímar dagsins og vikunnar þykja heppilegri eru það oft sömu greinarnar sem kennsla skerðist í vegna annarra aðkallandi viðburða. Skólastjórnendur reyna að bregðast við þessu með því að dreifa viðburðum eins og kostur er.
- Hljóðvist í skólastofum er misgóð. Nemendur og kennarar með heyrnarskerðingu eiga oft í miklum vandræðum, sérstaklega í stofum í Gamla-Skóla. Beðið er eftir skýrslu talmeinafræðings um hljómburð og hljóðvist í húsnæði MA.
- Verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli hefur verið í gangi undanfarin ár. Þetta er hvatningarverkefni til hollrar hreyfingar, mataræðis og lífsstíls bæði fyrir nemendur og starfsfólk. Munntóbaksnotkun hefur til dæmis minnkað í skólanum. Banni hefur verið fylgt vel eftir af skólasamfélaginu og ræstitæknar segja að það sjáist minni ummerki á snyrtingum.
- Nokkrar efasemdir eru um skilvirkni miðannarmats í fyrsta og öðrum bekk. Það byggir oftast á litlum verkefnum sem auðvelt er að stæla eða sækja á neti en ekki lengri tíma verkefnum sem sýna raunverulega stöðu og getu nemenda.
- Tölvumálefni skólans fá alltaf reglulega umfjöllun á kennarafundum. Nú er ljóst að frjálsi hugbúnaðurinn sem settur var upp í skólanum er ekki að svara væntingum og verður farið í Microsoft umhverfi næsta vetur. Þá verður vefkennslukerfið Moodle sett upp við skólann en það hefur verið í seli hjá öðrum skólum með tilheyrandi vandræðum vegna umsjónar.
- Talsverður vandi fylgir flutningi nemenda í öðrum bekk af raungreinasviði og á tungumála- og félagsgreinasvið á miðju skólaári. Flutningarnir skekkja skipulag námshópa þannig að þeir ýmist springa eða skreppa saman með tilheyrandi óróleika.
- Kennarar í dönsku kynntu breytingar á skipulagi kennslunnar til að mæta breytingum á námskrá og tilfærslu dönskunnar milli ára.
- Í efnafræði er verið að fíkra sig áfram með speglaða kennslu til þess að mæta þörfum nemenda.
- Gengi hraðlínunemenda var skoðað frá því hún var tekin upp haustið 2005. Í grófum dráttum má segja að nemendur hraðlínu standi sig betur en aðrir nemendur bæði hvað varðar betri einkunnir og minna brottfall.
- Reglum var breytt varðandi þá nemendur sem fá lengri próftíma. Talsverð ásókn hefur verið í lengdan próftíma. Námsráðgjafar ákváðu að nemendur sem fá lengri próftíma verði að nýta minnst 15 mínútur af lengdum tíma áður en þeir geta yfirgefið prófstað.

Við þetta má svo bæta að á fagstjórafundum hafa verið ræddar reglur um verkefnaskil nemenda og uppvinningsreglu.

Vikupistlar

Aðstoðarskólameistari hefur undanfarin fjögur skólaár sent út til starfsfólks í vikulokin stutt yfirlit yfir skólastarfið sem nefnt hefur verið vikupistill. Þar eru ýmsar hagnýtar upplýsingar en einnig fróðleikur um gang mála í skólanum. Skólaárið 2012 – 2013 var tæpt á nokkrum málefnum sem tengjast kynningu og mati á skólastarfinu og við hæfi að nefna hér:

- Skálaferðir nemenda í fyrsta bekk voru endurvaktar að ósk foreldra. Ferðirnar hafa þótt þjappa nemendum saman og aukið samkennd þeirra. Þeim varð að hætta sökum sparnaðar við skólahaldið en foreldrar standa nú straum af kostnaði þeirra.
- Aðsókn að opnu húsi fyrir 10. bekkjanga og foreldra þeirra var mjög dræm í vor og spurning hvort halda á því áfram með einhverjum breytingum, hætta með það eða breyta tímasetningunni.
- Hingað til hefur vefur skólans verið hin raunverulega námskrá hans. Búið er að draga saman allar upplýsingar vefsins í eitt skjal sem kalla má þá skólanámskrá MA.
- Fatlaðir nemendur við skólann héldu ráðstefnu fyrir starfsfólk skólans til að upplýsa um hvaða aðstoð, tilhliðranir og aðgengi gagnaðist þeim best. Skólinn er fyrir alla nemendur og þarf að geta mætt fötludum á jafnréttisgrunni.
- Símat er ekki aðeins aukin vinna fyrir kennara heldur einnig fyrir nemendur. Finna þarf leið til þess að jafna álagstoppa þannig að ekki séu of mörg verkefnaskil á sama tíma.
- Prófkvíðanámskeið eru haldin fyrir þá nemendur sem telja sig þurfa að vinna á þeim þröskuldi. Námsráðgjafi hefur fengið styrk úr Lýðheilsusjóði til þess að halda námskeið í hugrænni atferlismeðferð við kvíða. Þá eru reglur um lengdan próftíma í stöðugri endurskoðun.
- Tíu nemendur hætta eftir miðsvetrarpróf. Allir skrá sig í aðra framhaldsskóla.
- Kynfræðingur fræddi nemendur í öðrum bekk um mál tengd kynlífi og hitti svo foreldra í framhaldi. Ástráður er fræðsluverkefni læknanema um kynlíf og sjúkdómsvarnir sem nemendur fyrsta bekkjar tóku þátt í. Verkefnið hefur verið lokað kennurum og vakið spurningar um markmið og gæði fræðslunnar.
- Í tengslum við lífsleiknikennslu voru nemendur fjórða bekkjar virkjaðir til aðstoðar við enskukennslu eldri borgara og aðstoða þá við tölvufærni. Þetta mæltist mjög vel fyrir hjá báðum hópum nemenda og mætti gjarnan þróa áfram.
- Til að auka samfélagsvitund nemenda hefur í tengslum við velgengnisdaga í 2. bekk verið haldinn góðgerðadagur sem nemendur skipuleggja sjálfir. Dagurinn tókst vel og fékk jákvæða umræðu í samfélaginu og fjölmiðlum.
- Nemendur leggja til að settur verði inn dagur til endurtökuprófa í lok janúarprófa til að létta álagi af þeim að vorinu.

Brotthvarf nemenda eftir skólaárið 2011 – 2012

Eftir síðasta skólaár skiluðu 47 nemendur ekki sér til baka í MA til skólaársins 2012 – 2013.

Lausleg greining skrifstofustjóra MA á afdrifum nemenda eftir fyrsta og öðrum bekk er eftirfarandi:

Brotthvarf nemenda eftir 1. bekk	2010-11	2011-12
Hófu nám í 1. bekk að hausti	231	222
Héldu áfram í öðrum bekk haustið eftir	195	179
Mismunur	36	43
Skýringar á mismun:		
Féllu og fóru í annan skóla	24	12
Stóðust próf, hættu og fóru í annan skóla	4	16
Fóru sem skiptinemar	3	4
Fóru aftur í 1. bekk	2	7
Féllu/hættu, ekki vitað hvort fóru í skóla	2	4
Erlendur skiptinemi fór aftur heim	1	
Þeir sem skila sér ekki í 2. bekk	36	43
Brotthvarf nemenda eftir 2. bekk		
	2010-11	2011-12
Hófu nám í 2. bekk að hausti	191	201
Héldu áfram í 3. bekk haustið eftir	152	184
Mismunur	39	17
Skýringar á mismun:		
Féllu og fóru í annan skóla	18	8
Stóðust próf, hættu og fóru í annan skóla	11	2
Fóru sem skiptinemar	5	1
Fóru aftur í 2. bekk	1	6
Féllu, ekki vitað hvort fóru í skóla	4	
Þeir sem skila sér ekki í 3. bekk	39	17

Þeir sem að ná prófum en fara í aðra skóla eru alls 18. Aðeins 13 þeirra 37 sem falla ákveða að endurtaka bekkinn í MA sem þeir féllu í. Fimm fara sem skiptinemar og koma væntanlega aftur. Þannig eru 42 nemendur sem fara frá skólanum eftir 1. og 2. bekk fyrir fullt og allt.

Lýðræðislegt sjálfsmat

Í vor var óskað eftir upplýsingum frá fagstjórum og öðrum ábyrgðarmönnum verkefna við skólann um sjálfsmat í deildum. Vegna námskrárbreytinga eru kennarar enn uppteknir við að fylgja eftir innleiðingu nýrrar námskrár og viðbrögð kannski dræm þess vegna. Áfangakannanir eru eins og sést hér fyrir í skýrslunni viðamiklar og margir líta á þær sem mat sem bregðast þarf við á einhvern hátt. Fagstjórar í stærðfræði og ensku sendu inn sér greinargerðir sem hér fara á eftir.

Stærðfræði

Sjálfsmat í stærðfræðideildinni er afar óformlegt, einmitt skrifborðsathuganir og fagpælingar yfir kaffibolla. Það sem helst brennur á fólki eru vangaveltur varðandi skil verkefna (sérstaklega á fyrsta ári), flótti úr A- yfir í B-stærðfræði á RGS og fyrirkomulag lokaprófs á fyrsta ári RGS.

Stór hluti nemenda (sérstaklega á fyrsta ári) afritar skilaverkefni samnemenda í stað þess að glíma við verkefni sjálf. Skilaverkefni virðast auka vinnuálag kennara en skila litlu til nemenda. Kennarar hafa velt fyrir sér að nýta upplýsingatækni meira við verkefnaskil (rafræn) t.d. Moodle, bjóða nemendum að skila í hópum eða breyta verkefnaskilum með öðrum hætti.

Til stendur að gera tilraun með speglaða kennslu í stærðfræði á fyrsta ári í von um að nemendur verði virkari í kennslustundum og sinni heimanámi betur. Í fyrstu verður þetta aðeins gert á raungreinasviði.

Oft hefur komið upp umræða um lengd lokaprófa í stærðfræði. Á fyrsta ári eru prófin 120-150 mínútur en til stendur að tvískipta lengstu prófunum á raungreinasviði. Þetta hefur þegar verið reynt þannig að nemendur tóku 60 mín. próf án reiknivélar og annað 90 mín próf degi seinna.

Skipti nemenda úr A- yfir í B-stærðfræði á 2. ári hefur einnig verið til umræðu og telja stærðfræðikennarar ástæðu til að sporna gegn flóttanum. Rætt hefur verið að skipta ekki stærðfræði raungreinasviðs í A- og B-stærðfræði fyrir en á vorönn á 2. ári.

Enska

Enskudeild ákvað að skoða í þetta sinn munnlega færni nemenda í 1. bekk.

Nemendur fengu að vita að lögð yrði áhersla á munnlega færni og að skoðað yrði hvar þeir stæðu í byrjun og hvernig þeir teldu sig hafa bætt sig við lok skólaárs. Því var ákveðið að leggja fyrir nemendur sjálfsmatismælikvarða á haustönn og svo að leggja hann aftur fyrir á vorönn. Unnið var á önninni nokkuð skipulega með munnleg verkefni.

Þegar mælikvarði var aftur lagður fyrir nemendurna við lok skólaárs kom í ljós að meira en helmingur allra nemenda töldu sig hafa bætt sig í munnlegri færni yfir önnina. Þó nokkrum nemendum fannst þeir hafa staðið í stað eða þeim hrakað. Skýringuna er sennilega að finna í því að nemendur ofmátu sig í fyrra skiptið en voru raunsærri þegar mat var framkvæmt í seinna skiptið.

Gera þarf breytingar á mælikvarðanum, skoða einkunnagjöfina nánar og ganga úr skugga um að þau sjái fyrra matið þegar þau gera seinna matið. Einfalda þarf málfarið á kvarðanum. Þannig sjá nemendur heildarmyndina betur.

Einnig þarf að koma meiri samræðum að í tímum og vinna meira með munnleg verkefni til að nemendur fái tækifæri til að æfa sig í munnlegri færni.

Úrbætur

Þegar áfangakannanir í íslensku og erlendum tungumálum voru sendar nemendum í haust höfðu nokkrir nemendur af raungreinasviði samband og söknuðu þess að ekki væri spurt út í kjarnagreinar hjá þeim. Það sama gerðist á vorönn. Það er spurning hvort áfangakannanir þjóni tilgangi sínum eins og þær eru skipulagðar nú; að sviðum er skipt upp og hringurinn sé fjögur ár. Vegna fjölda nemenda, áfanga og kennara er ekki hægt að spyrja alla um allt alltaf en einhvern veginn þarf að stoppa upp í það gat sem óneitanlega myndast þegar áfangakönnun í grein kemur aðeins á fjögurra ára fresti. Ef til vill mætti nálgast þetta viðfangsefni með því að kanna árlega kjarnagreinar nemenda eftir sviðum í þriðja bekk, eða að hver bekkur svari könnunum sem varðar sérstaklega einkennisgreinar sviða auk valinna námsgreina annarra.

Nemendur á tungumála- og félagsgreinasviði sem rætt var við í rýnihópum telja að kröfur í námi gætu stundum verið meiri. Skoða þarf hvað nemendur eiga við og í hvaða greinum mætti mæta einstaklingsbundnum kröfum um meira krefjandi nám án þess að íþyngja hinum sem eiga nú þegar fullt í fangi með nám sitt.

Úrbætur sem vinna þarf strax

- Skoða þarf ástundun nemenda í samhengi við brotthvarf og hvernig styðja má við nám þeirra til þess að þeir falli ekki frá námi við MA.
- Þar sem margir kennarar koma að kennslu svo sem í ferðamálafræði og Íslandsáföngum þarf að gæta að skipulagi varðandi aðstoð við nemendur.
- Huga þarf að fjölbreytni í námsmati og kennsluháttum.
- Vinnufrið í bekkjum þarf að laga.
- Örva þarf áhuga nemenda á námsefninu með einhverjum hætti.
- Mikilvægt að hlýða á starfsfólk næsta haust vegna nýrrar námskrár.
- Samskipti milli nemenda og kennara á raungreinasviði þarf að skoða og reyna að bæta úr hvernig nemendur líta á marga kennara þar sem andstæðinga sína frekar en samherja.
- Kanna þarf hvort kröfur á öðru ári og álag hafi jafnast út með nýrri námskrá og

endurskipuleggja áfanga eða röðun þeirra ef þarf.

- Sjálfsmatsnefnd þarf að vera í góðu sambandi við stjórnendur varðandi tillögur að breytingum á námskrá.
- Líðan nemenda í fyrsta og öðrum bekk þarf að kanna í framhaldi af þeim áhyggjun sem margir foreldrar hafa af líðan barna sinna í skólanum.
- Ljúka þarf úttekt á hljóðvist í skólastofum og fara í viðeigandi ráðstafanir þar sem þarf.
- Skipuleggja þarf á ný framkvæmd endurtökuprófa og huga að hvort stofna eigi sumarskóla í MA vegna þeirra.
- Kaupa þarf fjöltengi og skóhorn.

Úrbætur sem huga þarf að

Hér eru nokkur atriði sem fylgja þarf eftir:

- Ljúka þarf við almenna hluta námskrárinnar.
- Skipuleggja þarf viðburði á skólatíma þannig að þeir taki sem jafnast af kennslu og viðburðadreifing sé sem minnst íþyngjandi fyrir nám nemenda.
- Ganga þarf frá reglum um verkefnaskil í námsgreinum.
- Í áfangaskýrslum þarf að vera hægt að koma með tillögur að breytingum á námsferlum og röð áfanga.
- Vegna breytinga á tölvukerfi þarf að tryggja að starfsfólk sé vel upplýst og fái kennslu í notkun nýjunga.
- Endurskoða þarf tilhögun á opnu húsi fyrir nemendur 10. bekkjar og foreldra þeirra.

Næstu skref í sjálfsmatinu

Það sem blasir við í lok skólaársins 2012 – 2013 að þurfi að gera:

- Skipa nýja nefnd þar sem allir fyrri nefndarmenn hverfa frá í vor.
- Útbúa áætlun til ársins og næstu þriggja ára.

- Funda þarf með skólastjórnendum og sviðstjórum vegna úrbótatillagna.
- Gera þarf áfangakannanir í stærðfræði og raungreinum.
- Hlýða á starfsfólk og nemendur vegna nýrrar námskrár.
- Takmarka þarf lengd spurningalista, þ.e. fjölda spurninga til nemenda og reyna að örva svörun.

Lokaorð

Nú er komið að tímamótum í sjálfsmati Menntaskólans á Akureyri. Allir núverandi nefndarmenn hætta; einn hættir störfum við skólann, tveir fara í orlof og einn gefur ekki kost á sér áfram. Mikilvægt er að nefndin sé skipuð þannig að hún endurspegli sem best skólasamfélagið og að hún hafi þá rödd sem þarf til að leiða umbætur innan skólans. Ákjósanlegastar eru umbætur sem fara hljótt og góð sátt er um. Umbætur eiga vera sprottnar af raunverulegri þörf og unnar með hagsmuni skólasamfélagsins í huga.

Lokið í ágúst 2013

Bjarni Guðmundsson

Guðný Guðmundsdóttir

Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir

Stefán Þór Sæmundsson